**Nd.** **386. Nefndarálit**

um frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Síðan frv. þetta var lagt fram og sent til fjárhagsnefndar, hefur verið samþykkt frv. ríkisstjórnarinnar um dýrtíðarmál, og eru þar með orðnar að lögum nokkrar þær greinar, sem í þessu frv. felast. Séu þær felldar burtu, er hins vegar vel hægt að gera aðrar greinar frv. að lögum.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið, og legg ég til, að það sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1.—5. gr., að báðum meðtöldum, 9. og 10. gr. falli burt, en greina- og kaflatala breytist samkvæmt því.

Alþingi, 24. febr. 1948.

Einar Olgeirsson.